

Vátryggingaskilmálar nr. 15

Fasteignatrygging

SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR

1. Vátryggingin, félagið og fleira.

- 1.1 Fasteignatrygging þessi er samsett af þrettán tegundum vátrygginga eins og nánar greinir í 19. gr. (grein) og einstökum köflum þar á eftir.
- 1.2 Vátryggingafélagið sem vátrygginguna veitir er Tryggingamiðstöðin hf. (hlutafélag), hér eftir nefnt félagið. Elísabet er vörumerki og sá vettvangur Tryggingamiðstöðvarinnar sem annast öll samskipti milli vátryggingartaka og félagsins, þ.m.t. (þar með talið) á Internetinu og með tölvupósti. Skilmálar þessir gilda um þær fasteignatryggingar sem skráðar eru hjá Elísabetu.
- 1.3 Í umsókn um vátrygginguna gefur vátryggingartaki upp netfang sem hann staðfestir og samþykkir að sé virkt og rétt boðleið fyrir Elísabetu varðandi nauðsynlegar tilkynningar vegna vátryggingarinnar, svo sem tilkynningar um greiðslu iðgjalda, breytingar á iðgjöldum og skilmálum, vanskil, endurnýjun skírteina og niðurfellingu vátryggingar. Vátryggingartaka er skylt að tilkynna Elísabetu um breytingar á uppgefnu netfangi í gegnum netfangið elisabet@elisabet.is. Það er á ábyrgð vátryggingartaka að netfangið sé rétt skráð við umsókn eða breytingu, netfangið sé virkt, netfangið sé vátryggingartaka aðgengilegt og það geti tekið á móti tölvupósti hverju sinni.
- 1.4 Vátryggingartaki skal senda Elísabetu á netfangið elisabet@elisabet.is allar upplýsingar og tilkynningar er varða vátrygginguna, svo sem breytt heimilisfang, breytingar á áhættunni og uppsögn. Slíkar tilkynningar skulu berast frá netfangi því sem skráð er hjá Elísabetu sbr. (samanber) 2. mgr. (málsgrein). Um tilkynningu tjóna fer eftir því sem nánar greinir í 11. gr. skilmálanna.

2. Þeir sem vátryggðir eru.

- 2.1 Vátryggingartaki er vátryggður. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila, svo sem réttthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í eigninni. Vátryggingin er heldur ekki til hagsbóta fyrir nýjan eiganda og fellur niður við eigendaskipti. Vátryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

3. Hin vátryggða húseign.

- 3.1 Vátryggingin nær til húseignar þeirrar eða hluta húseignar, sem nefnd er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun ásamt fylgifé, sem fellur undir lögboðna brunatryggingu húseignarinnar.

4. Vátryggingarfjárhæð og nánari sundurliðun á hinu vátryggða.

- 4.1 Vátryggingarfjárhæð miðast við brunabótamat húseignarinnar að því er tekur til eignarhluta vátryggðs, eins og það er á hverjum tíma.
- 4.2 Aðrir hlutir, sem ekki falla undir brunabótamatið, s.s. (svo sem) áföst gróður- eða garðhús, girðingar sem steyptar eru niður, fánastengur, loftnet eða skermar eru því aðeins vátryggðir að þess sé getið á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

5. Takmörkun á gildissviði vátryggingarinnar.

- 5.1. Vátryggingin tekur ekki til tjóns sem hljótast við eftirtalin tilvik:
 - a. stríð, óeirðir, uppþot, verkfallsaðgerðir eða aðra sambærilega atburði,
 - b. tjón sem hljótast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
 - c. eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð, vatnsflóð og aðrar náttúruhamfarir nema annars sé sérstaklega getið,
 - d. hvers konar líffræðileg eða efnafræðileg áhrif og/eða eitrun, þ.m.t. vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka.

6. Áhættuskoðun.

- 6.1 Félagið hefur rétt til að áhættuskoða hið vátryggða þegar þörf þykir. Vátryggingin er ekki gefin út nema að undangenginni áhættuskoðun fulltrúa félagsins.

Vátryggingaskilmálar nr. 15

Fasteignatrygging

7. Viðhald eignar, varúðarregla.

- 7.1 Vátryggðum ber að halda hinu vátryggða eðlilega við. Ef vanræksla á þessu leiðir til tjóns getur það valdið takmörkun bóta eða niðurfellingu þeirra.

8. Greiðsla iðgjalds.

- 8.1 Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þegar ábyrgð Elísabetar hefst, sbr. gr. 10.1. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Iðgjöld skulu greidd á gjalddaga með skuldfærslu á kreditkort, sbr. gr. 8.3.
- 8.2 Sé iðgjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. 1. mgr., er vátryggingartaka send með tölvupósti sérstök aðvörðun þar sem greiðsla er krafist. Vátryggingin fellur úr gildi sé iðgjaldið enn ógreitt að 14 dögum liðnum frá sendingu aðvörðunarinnar.
- 8.3 Iðgjaldið er einungis greitt með kreditkort.
- 8.4 Hafi vátryggingartaki ekki greitt iðgjaldið að fullu eða samið sérstaklega við Elísabetu um greiðslu þess telst það vera ógreitt þegar greiðslufresti samkvæmt 2. mgr. lýkur.
- 8.5 Falli vátrygging niður skv. (samkvæmt) 2. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi.

9. Iðgjaldsákvörðun, sérstök hækkun iðgjalds og skammtímaálag.

- 9.1 Iðgjald fyrir vátryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá Elísabetar. Elísabet áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum sem raska bótgrundvellinum.
- 9.2 Elísabet hefur rétt til að hækka iðgjaldið sérstaklega gefi áhættuskoðun á vátryggingartímanum tilefni til.
- 9.3 Falli vátryggingin niður innan árs frá upphaflegri gildistöku, greiðir vátryggingartaki sérstakt skammtímaálag sem er gjaldfært með eingreiðslu á kreditkortinu sem notað var til að greiða fyrir vátrygginguna. Upphæð álagsins er tilgreind í vátryggingarskírteini.

10. Gildistími, endurnýjun og uppsögn.

- 10.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um einn mánuð í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp.
- 10.2 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar.
- 10.3 Vátryggingartaki getur sagt upp vátryggingunni hvenær sem er. Sé vátryggingunni sagt upp innan árs frá upphaflegri gildistöku greiðist sérstakt skammtímaálag, sbr. gr. 9.3.

11. Tilkynning um tjón.

- 11.1 Þegar tjón er orðið skal vátryggður tafarlaust tilkynna félaginu um atvikið á vef Elísabetar, www.elisabet.is, samkvæmt nánari leiðbeiningum þar.
- 11.2 Auk tilkynningar til félagsins skv. 1. mgr. skal jafnframt tilkynna lögreglu tafarlaust um innbrot og skemmdarverk með ósk um rannsókn.
- 11.3 Vanræksla á skyldum vátryggðs skv. 1. og 2. mgr. getur varðað lækkun eða missi bóta eftir lögum um vátryggingarsamninga.

12. Ráðstafanir til varnar tjóni.

- 12.1 Þegar vátryggingaratburður hefur gerst eða hættu er á að hann beri að höndum, ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóninu. Vanræksla í því efni getur varðað lækkun eða missi bóta sbr. lög um vátryggingarsamninga.

13. Ásetningur og gáleysi vátryggðs.

- 13.1. Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi og sé um að ræða aðra vátryggingu en ábyrgðartryggingu, er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir sé um íbúðar- eða orlofshúsnæði að ræða og tjóninu er valdið af maka vátryggðs eða öðrum þeim sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.

Vátryggingaskilmálar nr. 15

Fasteignatrygging

14. Vátrygging hjá öðru félagi.

- 14.1 Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur vátrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. laga nr. 30/2004.

15. Greiðsla bóta, vextir og eigin áhætta.

- 15.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. laga um vátryggingarsamninga.
- 15.2 Vátryggingartaki ber eigin áhættu vegna tjónsatviks. Fjárhæð eigin áhættunnar í hverju tilviki er tilgreind í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Félagið hefur rétt á að breyta eigináhættunni í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.
- 15.3 Tjónsbætur samkvæmt þessari vátryggingu miðast við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og þeim sem skemmst hafa eða eyðilagst.
- 15.4 Tjón á hinn vág vátryggðu húseign bætist að hámarki með þeirri vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Ef vátryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattfrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu vátryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.
- 15.5 Við greiðslu tjóns á parketi sem er eldra en 5 ára hefur félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5 ár. Þessi aldursfrádráttur getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

16. Endurkröfuréttur.

- 16.1 Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur.

17. Lög um vátryggingarsamninga.

- 17.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

18. Meðferð ágreiningsmála og og varnarþing.

- 18.1 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina má fá hjá félaginu.
- 18.2 Þrátt fyrir úrræði samkvæmt 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 18.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

19. Vátryggingarsvið.

- 19.1 Í vátryggingu þessari eru þrettán tegundir vátrygginga með eftirfarandi heiti:
- I. Vatnstjónstrygging,
 - II. Innbrotstrygging,
 - III. Glertrygging,
 - IV. Fok- og óveðurstrygging,
 - V. Skýfalls- og asahlákutrygging
 - VI. Frostsprungutrygging,
 - VII. Snjópungatrygging
 - VIII. Brottflutnings- og húsaleigutrygging,
 - IX. Brots- og hrunstrygging.
 - X. Sótfallstrygging
 - XI. Hreinlætistækjatrygging
 - XII. Ábyrgðartrygging húseigenda.
 - XIII. Málskostnaðartrygging
- 19.2 Sérstakir skilmálar fyrir hverja tegund vátrygginga fara hér á eftir.

Vátryggingaskilmálar nr. 15

Fasteignatrygging

SKILMÁLAR FYRIR EINSTAKAR VÁTRYGGINGAR

I. VATNSTJÓNSTRYGGING.

20. Það sem vátryggingin bætir.

- 20.1 Vátryggingin bætir skemmdir á vátryggðri húseign af völdum vatns, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Einnig bætist tjón, sem verður þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum, vatnsrúnum eða fiskabúrum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og tjón vegna leka frá frysti- og kælikápum.
- 20.2 Tjón á húseign vegna leka úr leiðslum í sameign bætist í hlutfalli við eignarhluta vátryggðs í sameigninni.

21. Undanskildar áhættur.

- 21.1 Vátryggingin bætir ekki skemmdir af völdum vatns, sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn sem berst. Vátryggingin bætir þó slíkar skemmdir, ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- 21.2 Vátryggingin bætir ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, snjóbráðar, sjávarfalla eða vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennisleiðslum þeirra.
- 21.3 Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum leka úr skolp- eða frárennisleiðslum í grunni hinnar vátryggðu fasteignar, sem rekja má til missigs, eðlilegs slits eða tæringar.

22. Óupphituð hús, varúðarregla.

- 22.1 Í óupphituðum húsum skal lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum tæmd, þegar hættu er á frosti. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

23. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

- 23.1 Vátryggingarbætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á hinnar vátryggðu húseign. Bætur greiðast einnig fyrir kostnað við uppbot og rask, sem óhjákvæmilegt er til þess að komast fyrir leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin sé ekki í lakara ástandi en fyrir tjón.
- 23.2 Bætur greiðast þó aldrei fyrir þann hlut eða hluti, sem tjóninu olli, s.s. sjálf rörin í húsinu (miðstöðvar-, vatns- og frárennislör), ofna, tæki eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra vegna bilunar.

II. INNBROTSTRYGGING.

24. Það sem vátryggingin bætir.

- 24.1 Vátryggingin bætir skemmdir á vátryggðri húseign af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots. Það er skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

25. Undanskilin áhætta.

- 25.1 Skemmdir á póstkössum bætast ekki.

III. GLERTRYGGING.

26. Það sem vátryggingin bætir.

- 26.1 Vátryggingin bætir tjón á venjulegu rúðugleri í vátryggðri eign, en því aðeins að það brotni eftir að það var sett í. Sé glerið tekið úr aftur, fellur glertryggingin niður.
- 26.2 Skreytingar og annað, sem eykur verðgildi glers er ekki bætt.

Vátryggingaskilmálar nr. 15

Fasteignatrygging

27. Undanskildar áhættur.

- 27.1 Vátryggingin bætir ekki tjón af eldsvoða, eldingu eða annarri áhættu, sem lögboðin brunatrygging eða viðlagatrygging nær til. Eigi heldur tjón, sem stafar af byggingarframkvæmdum eða viðgerð utanhúss innan 10 metra frá glerinu, nema málun eða venjulegu viðhaldi húss.
- 27.2 Vátryggingin bætir ekki heldur skemmdir vegna vinnu við breytingar nálægt glerinu eða ramma þess. Sama gildir um skemmdir, sem raktar verða til sérstaks útbúnaðar á glerinu, t.d. (til dæmis) loftloka eða vinnu við slíkan útbúnað.
- 27.3 Tjón á gleri af völdum móðu á milli glerja bætist ekki.
- 27.4 Félagið bætir ekki skemmdir af þenslu, vindingi eða ófullkomnu viðhaldi ramma eða lista.

28. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

- 28.1 Bætur félagsins miðast við verð á nýju gleri af sömu stærð og gæðum ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði. Miða skal við viðgerðarkostnað eins og hann er, þegar tjón verður.

IV. FOK- OG ÓVEÐURSTRYGGING

29. Það sem vátryggingin bætir.

- 29.1 Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða af völdum ofsaveðurs, þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða vegg húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því, sem vátryggt er, enda hafi vindhraði, þá er tjón varð, náð yfir 28,5 m/sek. (metrar á sekúndu) samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands.
- 29.2 Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð. Skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

30. Undanskilin áhætta.

- 30.1 Tjón af völdum standfoks bætist ekki.

V. SKÝFALLS- OG ASAHLÁKUTRYGGING.

31. Það sem vátryggingin bætir.

- 31.1 Vátryggingin bætir tjón á vátryggðri húseign, ef jarðvegsvatn flæðir inn í hana, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku), en með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð er átt við að vatnsmagnið verður skyndilega svo mikið að jarðvegsniðurföll leiða það ekki frá.
- 31.2 Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

32. Undanskildar áhættur.

- 32.1 Vátryggingin bætir þó aldrei tjón vegna utanaðkomandi vatns frá svölum, frá þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra eða vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns. Sama á við um vatnstjón sem Viðlagatryggingu Íslands er skylt að bæta.

33. Varúðarregla.

- 33.1 Vátryggður skal hreinsa frá niðurföllum við hina vátryggðu fasteign svo snjór, klaki eða óhreinindi stífla þau ekki. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

VI. FROSTSPRUNGUTRYGGING.

34. Það sem vátryggingin bætir.

- 34.1 Vátryggingin bætir tjón vegna frostsprungna á innanhússvatnsleiðslukerfi hinnar vátryggðu húseignar sem verður við það að hitakerfi hússins bilar skyndilega.
- 34.2 Tjón af völdum vatns er hins vegar bætt úr vatnstjónstryggingunni.

Vátryggingaskilmálar nr. 15

Fasteignatrygging

VII. SNJÓPUNGATRYGGING.

35. Það sem vátryggingin bætir.

35.1 Vátryggingin bætir tjón á vátryggðri húseign, sem er afleiðing af skyndilegum snjópunga sem sligað hefur þak eða veggj hennar.

36. Undanskildar áhættur.

36.1 Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum snjóflóða eða tjón sem er afleiðing byggingargalla.

VIII. BROTTFLUTNINGS- OG HÚSALEIGUTRYGGING.

37. Það sem vátryggingin bætir.

37.1 Vátryggingin bætir húsaleigukostnað, ef nauðsynlegt reynist að flytjast úr húsnæði vegna tjóns sem er bótaskyldt skv. vátryggingarskilmálum Fasteignatryggingarinnar eða lögboðinni brunatryggingu. Hún skal miðast við eðlilega húsaleigu vátryggðs húsnæðis þann tíma sem viðgerð stendur yfir, en bætur geta þó ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 4‰ af vátryggingarfjárhæðinni fyrir hvern mánuð. Bætur greiðast ekki fyrir lengri tíma en fjóra mánuði eftir hvern vátryggingaratburð.

IX. BROTS- OG HRUNSTRYGGING.

38. Það sem vátryggingin bætir.

38.1 Vátryggingin bætir tjón sem verður á vátryggðri húseign, ef innanhússloftklæðning, naglföst innrétting eða hlutar þeirra falla niður vegna skyndilegrar bilunar.

38.2 Einnig bætir vátryggingin brot á keramikhelluborðum í eldhússinnréttingu vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atburðar. Bótageiðslur takmarkast við verðmæti helluborðsins sjálfs. Þó bætask ekki skemmdir á helluborðinu vegna viðhalds eða viðgerða á því sjálfu eða innréttingunni sem helluborðið er inngreipt í. Þá bætist ekki tjón sem verður við að helluborðið rispast eða úr því flísast.

X. SÓTFALLSTRYGGING.

39. Það sem vátryggingin bætir.

39.1 Vátryggingin bætir skemmdir á vátryggðri húseign sökum skyndilegs og óvænts sótfalls frá kynditækjum eða eldstæðum, sem ætluð eru til að hita upp húsnæði, enda fáist tjónið ekki bætt úr brunatryggingu fasteignarinnar. Gerð eldstæðis skal vera í samræmi við lög og önnur opinber fyrirmæli. Að öðrum kosti getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta.

XI. HREINLÆTISTÆKJATRYGGING.

40. Það sem vátryggingin bætir.

40.1 Vátryggingin bætir brot á fasttengdum hreinlætistækjum sem teljast hluti hinnar vátryggðu fasteignar, s.s. vöskum, baðkerum, salernisskálum og vatnskössum, enda hafi það orðið vegna skyndilegs, óvænts og utanaðkomandi atburðar.

41. Undanskildar áhættur.

41.1 Vátryggingin bætir ekki:

- fylgihluti s.s. salernissetur og krana, sem unnt er að nota aftur,
- rispur eða aðrar skemmdir sem ekki teljast brot,
- kostnað við aftengingu, uppbot eða uppsetningu.

Vátryggingaskilmálar nr. 15

Fasteignatrygging

42. Ákvörðun bóta og eigin áhætta.

- 42.1 Tjón á hreinlætistækjum bætist með því að félagið greiðir vátryggðum bætur sem samsvara verði þess sem brotnaði.
- 42.2 Séu sams konar tæki og tjón verður á ófánleg, bætir félagið tjónið með verði á sambærilegu tæki eins og það verð var á tjónsdegi.
- 42.3 Í hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu sem nánar er tilgreind á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

XII. ÁBYRGÐARTRYGGING HÚSEIGANDA.

43. Það sem vátryggingin bætir.

- 43.1 Vátryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fallið getur samkvæmt íslenskum lögum á vátryggðan sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta, er á skírteini greinir.
- 43.2 Vátryggingin nær aðeins til tjóns, sem verður vegna húseignarinnar eða eignarhluta vátryggðs í henni eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum hússins og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans, enda sé skaðabótaskylda bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þ.m.t. fasteignum og dýrum) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

44. Takmarkanir á gildissviði ábyrgðartryggingarinnar.

- 44.1 Ábyrgðartryggingin tekur ekki til skaðabótaábyrgðar vátryggðs vegna atvika sem tilgreind eru í 2. til 9. mgr. hér á eftir.
- 44.2 Tjón sem fjölskylda vátryggðs verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki vátryggingartaka eða annar sá aðili sem vátryggður býr með í föstu varanlegu sambandi, börn og annað fjölskyldulið, enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.
- 44.3 Tjón á munum sem vátryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munum, sem vátryggður hefur með höndum heimildarlaust.
- 44.4 Tjón sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- 44.5 Tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Sama gildir um tjón á hlutum í sambandi við slíka mengun. Ábyrgðartryggingin bætir þó tjón af síðast nefndu tagi, ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.
- 44.6 Tjón, sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka.
- 44.7 Eignatjón sem stafar af sprengingu eða uppgreftri.
- 44.8 Sektir, málskostnaður eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- 44.9 Endurkrafa frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum tryggingarstofnunum.

45. Ábyrgð vegna viðhalds húss og byggingarframkvæmda.

- 45.1 Vátryggingin nær til ábyrgðar húseiganda vegna tjóns, sem hlýst af minni háttar viðhaldi húss.
- 45.2 Vátryggður skal tilkynna félaginu og sækja um viðbótartryggingu, ef kostnaður við verklegar framkvæmdir vegna viðhalds húss fer fram úr 5% af brunabótamatsverði þess og óski hann eftir að áhætta vegna framkvæmdanna verði innifalin í vátryggingunni. Sé aðeins um að ræða vátryggingu vegna eignarhluta í húsi, skal miða við matsverð eignarhlutans.
- 45.3 Vátryggður skal greiða viðbótariðgjald fyrir áhættu skv. 2. mgr., svo og ef vinnupallar eru notaðir við viðhaldsvinnu, enda þótt kostnaður sé minni en áður greinir.

46. Tímatakmörk vátryggingarinnar.

- 46.1 Komi afleiðingar athafna eða athafnaleysis, sem tjón hefur hlotist af og átt hafa sér stað á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrir en vátryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið bætur samt sem áður. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón, sem er afleiðing athafna eða athafnaleysis fyrir þann tíma er vátryggingin hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrir en á vátryggingartímanum.
- 46.2 Leiki vafi á því, hvenær athafnaleysi hefur valdið tjóni, ber að telja það hafa orðið, er athöfn hefði síðast getað farið fram til að afstýra tjóninu.

Vátryggingaskilmálar nr. 15

Fasteignatrygging

47. Vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta vátryggðs.

- 47.1 Hámarksbætur vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar og samanlagt á vátryggingartímabilinu er sú fjárhæð sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 47.2 Vegna hvers vátryggingaratburðar ber vátryggður eigin áhættu sem nánar er tilgreind á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

48. Tjónsuppgjör og kostnaður við það.

- 48.1 Ef bótakrafa kemur fram á hendur vátryggðum á því sviði, sem vátryggingin nær til, á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir félagið, enda þótt kostnaður og bætur samanlagt séu hærri en vátryggingarfjárhæðin.

49. Réttur til að greiða til tjónþola og til útborgunar á vátryggingarfjárhæðinni.

- 49.1 Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til þriðja manns (tjónþola). Þegar vátryggður er ábyrgur vegna tjóns getur félagið á hvaða stigi málsins sem er fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með

því að greiða þá vátryggingarfjárhæð, sem við á, og áfallna vexti og kostnað sem svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

XIII. MÁLSKOSTNAÐARTRYGGING

50. Inngangur.

- 50.1 Hlutverk Málskostnaðartryggingarinnar er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Það er skilyrði vátryggingarverndar að óskað sé aðstoðar lögmanns.
- 50.2 Lögmaðurinn skal tilkynna félaginu þegar hann hefur tekið að sér málið áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu, sem ekki þolir bið.
- 50.3 Félaginu ber skylda til að tilkynna vátryggðum hvort málið falli undir Málskostnaðartrygginguna eftir að fullnægjandi upplýsingar hafa borist um málið.

51. Nánari afmörkun á bótasviði vátryggingarinnar.

- 51.1 Vátryggingin tekur til ágreinings sem snertir vátryggðan sem eiganda húseignar eða húseignarluta og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Sé um að tefla ágreining, sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi, tekur vátryggingin einungis til kostnaðar sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð. Vátryggingin tekur einnig til endurupptöku, þó því aðeins að endurupptaka sé heimiluð og skilyrði 53 gr. séu fyrir hendi.
- 51.2 Vátryggingin tekur ekki til sakamála og ekki heldur til ágreinings, sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.

52. Málskostnaður sem vátryggingin bætir ekki.

- 52.1 Vátryggingin bætir ekki málskostnað vegna ágreiningsmála sem nánar eru tilgreind hér á eftir í 2. til 11. mgr.
- 52.2 Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita.
- 52.3 Sem er í tengslum við atvinnu eða embætti vátryggðs.
- 52.4 Sem varðar ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í.
- 52.5 Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- 52.6 Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum vátryggða.
- 52.7 Sem varðar vátryggðan sem eiganda annarrar húseignar eða húseignarluta en getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun fasteignatryggingar.
- 52.8 Sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu.
- 52.9 Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt.

Vátryggingaskilmálar nr. 15

Fasteignatrygging

52.10 Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn vátryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrota- eða nauðasamninga þar sem vátryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.

52.11 Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi, ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.

53. Val á málflytjanda.

53.1 Það er skilyrði bótaskyldu að vátryggður hafi leitað sér aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Vátryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands. Lögmaður getur ekki farið sjálfur með eigið mál án samþykkis félagsins.

54. Bótageiðslur.

54.1 Þegar ágreiningarmál skv. gr. 49.1. hefur verið til lykta leitt greiðir félagið nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað, sbr. 3. mgr., sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Vátryggðum er skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan frá hinu opinbera, t.d. að leita umsagnar gjafsóknarnefndar, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess.

54.2 Komi upp ágreiningur um réttmæti málflutningsþóknunar ber vátryggðum að leggja ágreininginn fyrir úrskurðarnefnd LMFÍ skv. 26. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.

54.3 Félagið greiðir:

- þóknun lögmanns og kostnað,
- kostnað við að afla álitsgerða, ef lögmaður vátryggðs biður um álitsgerðina áður en til dómsmáls kemur eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitsgerðar,
- kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum,
- réttargjöld,
- málskostnað sem vátryggður er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli við lok máls,
- málskostnað sem vátryggður tekur á sig með dómsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.

54.4 Ekki eru greiddar bætur vegna:

- eigin vinnu, tekjuskurðingar, ferða- og dvalarkostnaðar og annars kostnaðar vátryggðs,
- fullnustu dóms, úrskurðar eða sáttar,
- aukakostnaðar sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmennt eða skipt er um lögmann,
- aukakostnaðar sem stafar af því að vátryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.

55. Frekari skilyrði þess að málskostnaður verði greiddur.

55.1 Hægt er að fara fram á að málskostnaður verði greiddur ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár hjá félaginu. Hafi vátryggður haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fær hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða.

55.2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur vátryggður samt sem áður fengið greiddan málskostnað ef þeir atburðir eða þau atvik, sem liggja til grundvallar kröfunni, hafa gerst eftir að vátryggingin tók gildi.

55.3 Ef vátryggður hefur ekki lengur Málskostnaðartryggingu eða sambærilega vátryggingu þegar ágreiningur kemur upp, getur hann þrátt fyrir það fengið málskostnað greiddan úr vátryggingu þessari ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin fjögur ár frá atburðinum eða atvikinu.

56. Landfræðileg mörk.

56.1 Vátryggingin gildir vegna bótaskyldra atvika sem verða á Íslandi.

57. Vátryggingarfjárhæð.

57.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á vátryggingarárinu er sú vátryggingarfjárhæð Málskostnaðartryggingar sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Bætur geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur er uppi um.

Vátryggingaskilmálar nr. 15

Fasteignatrygging

57.2 Um eitt tjónsatvik telst vera að ræða ef hinir vátryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef vátryggður á í fleiri ágreiningsmálum, skulu slík mál talin eitt tjónsatvik svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.

58. Eigin áhætta vátryggðs.

58.1 Vegna hvers tjónsatviks ber vátryggður eigin áhættu sem er tilgreind á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

59. Endurkrafa.

59.1 Að svo miklu leyti sem bætur vegna vátryggingarinnar hafa verið greiddar eignast félagið rétt hins vátryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

Skilmálar þessir gilda frá 19. september 2011.